

**Árshlutauppgjör SP-Fjármögnunar hf. 30.06.2008**

Stjórn SP-Fjármögnunar hf. hefur staðfest árshlutareikning félagsins fyrir fyrstu 6 mánuði ársins 2008. Lykiltölur úr rekstri eru þessar helstar (í millj. króna á verðlagi hvers árs):

Lykiltölur:	30.06.2008	30.06.2007	30.06.2006	30.06.2005	30.06.2004
Hreinar vaxtatekjur	<b>913</b>	884	587	428	293
Hreinar tekjur	<b>1027</b>	967	656	474	340
Hagnaður fyrir skatta (m.kr.)	<b>395</b>	593	297	230	140
Hagnaður eftir skatta (m.kr.)	<b>416</b>	473	245	188	111
Hagnaður/(eigið fé-hagnaður)	<b>9,8%</b>	14,5%	9,9%	9,5%	6,5%
Meðalstaða heildarfjármagns (m.kr.)	<b>54.378</b>	36.818	27.978	16.470	12.434
Eigið fé í lok tímabils (m.kr.)	<b>4.644</b>	3.741	2.711	2.174	1.830
Eiginfjárlutfall CAD - Basel I (í lok tímabils)		12,5%	12,2%	12,4%	13,6%
Eiginfjárlutfall CAD - Basel II (í lok tímabils)	<b>10,9%</b>				
Eiginfjárlutfall	<b>6,8%</b>	9,3%	8,1%	12,0%	13,3%
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils	<b>45</b>	37	31	22	18
Meðalstöðugildi	<b>44</b>	34	27	21	18
Vaxtamunur	<b>3,2%</b>	4,6%	4,2%	5,2%	4,6%
Hreinar þjónustutekjur/ meðalstöðu heildarfjármagns	<b>0,2%</b>	0,2%	0,2%	0,3%	0,4%
Rekstrarkostnaður/ meðalstöðu heildarfjármagns	<b>0,6%</b>	0,7%	0,8%	1,0%	1,0%
Hreinar þjónustutekjur/rekstrarkostnaði	<b>36,1%</b>	29,9%	32,4%	28,5%	47,5%
Rekstrarkostnaður/hreinum rekstrartekjum	<b>30,7%</b>	28,5%	32,5%	34,3%	35,6%
Framlag í virðisryrningun útlána/útlánum í lok tímabils	<b>0,21%</b>	0,22%	0,58%	0,56%	0,61%

SP-Fjármögnun hf. er eignaleigufyrirtæki og starfar eftir lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Félagið er dótturfélag Landsbanka Íslands hf., sem á 51,0% hlutafjár, og er árshlutareikningurinn hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Aðrir hluthafar eru nokkrir sparisjóðir. Stærsti eignarhluturinn er í eigu Byrs sparisjóðs sem á 34,58% og Sparisjóðsins í Keflavík sem á 10,09% en aðrir eiga minna en 10% hver.

Árshlutareikningur SP-Fjármögnunar hf. er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu (EU).

**Hreinar tekjur yfir 1 milljarð á fyrri hluta árs 2008**

- ✓ Hreinar tekjur voru 1.027 milljónir sem er 6% aukning frá fyrri hluta árs 2007 þegar hreinar tekjur námu 967 milljónum.
- ✓ Rekstrarkostnaður jókst um 14,4% frá fyrra ári og nemur nú 315 milljónum.
- ✓ Framlag í afskriftarreikning var 147 milljónir og er það aukning um rúm 70% frá fyrra ári.
- ✓ Hagnaður eftir skatta nam 416 milljónum króna á fyrri hluta ársins 2008 en var 473 milljónir fyrir sama tímabil í fyrra.

**Efnahagsreikningur stækkar mikið sökum veikingar krónunnar**

- ✓ Efnahagreiðingur félagsins hefur stækkað verulega frá áramótum. Kemur það einkum til sökum veikingar krónunnar á árinu, en mjög stór hluti útlána SP-Fjármögnunar hf. er gengisbundinn. Efnahagur félagsins var um síðustu áramót 49,2 milljarðar en stendur nú í 68,7 milljörðum.
- ✓ Eigið fé SP-Fjármögnunar hf. var í júnílok kr. 4.644 milljónir. Eiginfjárlutfall félagsins (CAD hlutfall) sem reiknað er á grunni Basel II reglna er 10,9% en skv. lögum má það ekki vera lægra en 8%.

#### **Vanskilahlutföll**

- ✓ Í lok júní 2008 námu vanskil eldri en 30 daga tæpu 1% af heildarútlánum og höfðu aukist úr tæpum 0,6% frá ársbyrjun.
- ✓ Heildarvanskil eru í júnílok um 1.120 milljónir kr. en á sama tíma nam virðisrýrnunarreiðingur útlána og eignaleigusamninga hins vegar tæpum 1,4% af heildarútlánum eða 938 milljónum króna.

Afkoma SP-Fjármögnunar hf. er í samræmi við áætlanir þrátt fyrir að verulega hafi hægt á nýjum útlánum og vanskil hafi aukist talsvert á árinu. Blikur eru á lofti í efnahagslífinu og útlit fyrir að hinum mikla vexti sem verið hefur á útlánum á undanförunum misserum sé lokið í bili. Engu að síður eru líkur á að afkoma ársins verði í samræmi við áætlanir. Rekstur SP-Fjármögnunar er traustur, eigendur félagsins eru sterkir og er SP-Fjármögnun því vel í stakk búið að skila góðri afkomu á komandi misserum.

Í stjórn SP-Fjármögnunar hf. eru Þorgeir Baldursson formaður, Elín Sigfúsdóttir, Guðmundur Davíðsson, Magnús Ægir Magnússon og Ragnar Z. Guðjónsson. Framkvæmdastjóri félagsins er Kjartan Georg Gunnarsson.